


VÍDEÓVINNSLA

Við vídeóvinnslu er notaður vélbúnaður og hugbúnaður og með samsetningu þessara tveggja má klippa vídeó og hljóð sem tekið er upp á vídeó skrá. Almennt er þessi tegund vídeóvinnslu vettvangur sem innri eiginleikar miðilsins eru skoðaðir og listamaðurinn vinnur í beint, með táknum eða kóða. Upphaflega varð þessi stefna til í gegnum athuganir á táknum, sem listamenn reyndu að endurskapa til að ná fram svipuðum áhrifum.


Hljóðgervill

Hljóðgervill eða á ensku synthesizer, er rafrænt hljóðfæri sem býr til hljóð í gegnum samstillingu synthesis. Þessi hljóðfæri sem stjórnar mikið af tónlist í dag hefur gengið í gegnum verulega þróun. Hljóðgervill getur verið risastór og þungur hliðrænn tónstillir en líka sem tölvuforrit sem allir hafa aðgang að.



Litgervill

Enn einn möguleikinn fyrir video mynd meðhöndlun, hér getur notandinn valið liti, mismunandi skæra og svo valið staði til að setja þá með því að nota litgervil á rauntíma. Árangurinn verður yfirleitt skærir og mettaðir litir.



Myndraði

Þetta myndvinnslutól leyfir þér að meðhöndla mörg lög af myndum samtímis. Þetta tól ber saman rafspennu eða birtu og það er mögulegt að "klippa út" hluta af myndinni og setja aðrar í staðinn í rauntíma.

Myndgervill

Myndgervill er tæki sem eins og hljóðgervill gefur frá sér rafræn merki. Getur brugðið upp ýmsu myndefni án upptöku á upptökuvél. Með notkun innri mynsturgerða í sjálfri upptökuvélinni sem framkallar breitt val mynda með hreinni rafrænni aðferð. Upptökuvélin getur sömuleiðis tekið upp, hreinsað og skýrt, eða afbakað lifandi upptökur í rauntíma.

Forritari

Vídeóvarp krafðist sjálfvirkni, sem er flókið fyrirbæri en var með forritara var hægt að geyma, kalla fram og þróa aðgerðir. Þannig var forritari búinn til, sem gat t.d. stjórnað aðgerðum myndraða sem gat geymt röðum aðgerða í minni og virkjað það hvenær sem er.

Hér getur þú séð meira:

Bastl Instruments / workshops and DIY tutorials
bastl-instruments.com

Synth Library Prague / courses and workshops
zvukpraha.cz/synthlibraryprague

Bjork's contribution to the education system
y2u.be/UTcy5c73ZZY

Music laboraty
musiclab.chromeexperiments.com/Experiments

Romana Horáková, Lenka Trantírková, Grafísk hönnun eftir Lucia Kolesárová, Ljósmyndir eftir Lenka Trantírková, myndskreytingar eftir Romana Horáková, 2020

Vasulka Kitchen Brno
Center for New Media Arts
vasulkakitchen.org
info@vasulkakitchen.org

Listasafn Arnésinga
listasafnarnesinga.is
listasafn@listasafnarnesinga.is



House of Arts Brno
www.dum-umeni.cz
info@dum-umeni.cz

Dům umění města Brna
House of Arts Brno

VASULKA
KITCHEN
BRNO



B | R | N | O

thoma
FOUNDATION

B E R G
C O N T
E M P O
R A R Y

SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

SÖKNARÁÆTLUN
SUBURLANDS

Styrkt af menningarmálaráðuneyti og Brno borgar í Tékklandi, Thoma Foundation, Uppbyggingasjóði Suðurlands og Safnaráði Íslands.


Hvað er að matreiðast í eldhúsinu?

Steina Vasulka
*1940, Reykjavík

Bohuslav (Woody) Vasulka
*1937, Brno †2019, Santa Fe

“Þetta var staður sem var valinn af guði miðla til að gera tilraunir, að skora á heilann í þér og skynjun hans...”

Stefnuskrá skrifuð af Steinu fyrir opnun Eldhússins í New York, 15. júní 1971




Og afhverju Kitchen (eldhús)?

Vasulka hjónin ásamt Andreas Mannik stofnuðu The Kitchen, electronic media theater, fjölmiðlunar leikhús í yfirgefnum hóteleldhúsi í Greenwich village í New York árið 1971. Þau bjuggu til sjálfstæðan

vettvang fyrir listrænar tilraunir af öllum toga. Vasulka hjónin einbeittu sér aðallega að rafrænum miðlum og kynntust fljótlega fjölda listamanna sem fengust við fjölbreytilegt starf og sköpuðu

þeim vettvang til að fá m.a. lánuð tól og tæki auk þess að veita þeim sýningarstað. The Kitchen er núna staðsett á öðrum stað en er ennþá starfandi.



Myndraðaðu

Grænn skjár (eða litakóði*) er tækni sem snýr að því að skeyta saman tveim lögum af myndum í eitt lokavídeó eða ljósmynd. Fyrsta lagið hefur leikara eða viðfangsefni í forgrunni, fyrir framan sérstakt lag með ákveðnum lit með jöfnu ljósi. Síðara lagið er bakgrunnurinn. Þessi tækni gerir leikurum og viðfangsefninu kleift að vera bætt við landslag í bakgrunninum, sem er kannski ekki til í alvörunni eða sem er of dýrt eða ómögulegt að ferðast til, til að mynda myndina.

Litaði skjárinn er venjulega grænn (þaðan kemur nafnið) en getur líka verið blár, sem er oft notaður í upptökusólum eða fréttastofum. Það er mikilvægt að leikarinn eða viðfangsefnið sé ekki klætt í sama lit og litaði skjárinn í bakgrunninum.



*Sjá lyklatríðin á seinustu blaðsíðu.


Komdu og prófaðu að búa til video með þessari tækni og skoðuðu hvernig myndroðun virkar.

Við þurfum bara tvo hluti – eitthvað tæki sem tekur upp video, eins og farsíma og tölvu með internet tengingu og VSDC Free Video Editor hugbúnaði. Hlaðuðu því niður hér:



- Við tökum fyrst upp myndband, sem við röðum seinna. Við þurfum grænan skjá eins og við töluðum um áður. Þú getur búið til slíkan heima hjá þér með því að nota grænt efni eða grænan pappír, en í þessu tilfelli þurfum við ljós til þess að lýsa upp sviðið svo að hluturinn sem við tökum upp varpi frá sér sem minnstum skugga. Fyrir okkur er nóg að nota grænan tölvu skjá – búðu bara til skærgrænt svæði í forriti eins og Paint eða einfaldlega sláðu inn "green screen" á youtube og stækkaðu videoið svo það fylli út skjáinn.
- Segjum að við vildum taka upp hendina okkar að veifa. Þá snúum við hendinni fyrir framan græna skjáinn og ganga úr skugga um að taka aðeins upp hendina okkar og græna skjáinn.
- Við hlöðum svo niður loka vídeóinu (köllum það "Höndin") á tölvuna.
- Undirbúðu svo annað vídeó (köllum það "bakgrunnurinn") til að bæta við það fyrsta. Þú getur notað hvaða vídeó sem er sem þú hefur áður tekið upp og vistað eða taktu upp annað.
- Núna förum við í eftirgerð! Opnaðu VSDC Free Video Editor. Þegar glugginn opnast efst í vinstra horni veldu *Blank project* -> *Finish*.

Græni skjárinn (eða í tilfelli Vasulka hjónanna, myndraði*) var til dæmis notaður í verki þeirra VOCABULARY árið 1973, þar sem rafræn áferð er á milli mynda af kúlu og hönd Woody er á hreyfingu fyrir ofan það. Þetta er mikilvægt verk sem sýnir nálgun þeirra á vídeóinu snemma á ferlinum, bergmál sem myndi koma fram á seinni verkum þeirra. Þú getur séð videoið hér:



- Í dálknum til vinstri veldu *Add video* (1) -> *OK* og veldu fyrst bakgrunnsvideoið.
- Fylgdu áfram sömu aðferð þegar þú bætir við "Höndin" vídeóinu. Athugaðu að "Höndin" (2) vídeóið og "bakgrunnurinn" (3) vídeóið sé í síthvoru lagi eða lögum, ("Höndin" ætti að opnast fyrir ofan). Lagaðu það til með því að draga það og staðsetja.
- Veldu svo myndbandið "Höndin" (2) og farðu að *key*. Efst uppi veldu *Editor* (4) -> *Video effects* -> *Transparency* -> *Background remover* -> *Ok*.
- *Background remover settings* ætti að opnast til hægri og við smellum á *Dropper image* (5) og sækjum græna litinn frá glugganum í myndbandinu "Höndin". Nú erum við næstum búin. Við sjáum núna að græni liturinn hefur horfið og "bakgrunnurinn" er kominn í ljós. Við gætum þó séð einhverja græna liti sem við getum lagað með því að breyta *numerical values* í *settings* (6) (Við mælum með því að prófa að hækka *Min chromacity threshold* gildin eða nota *Add additional color dropper* til að velja fleiri græna tóna).
- Við getum athugað hver niðurstaðan er með því að smella á playhnappinn (7).
- Núna er það eina sem er eftir er að flytja vídeóið. Við veljum efst uppi *Export project* (8), hér er hægt að velja hvaða gerð og hvar á að vista vídeóið. Enn og aftur veljið *Export Project* -> *Continue*. Búið!

Við værum svo ánægð ef þú myndir senda okkur vídeóið til okkar á fraedsla@listasafnarnesinga.is eða tagga okkur á [@listasafnarnesinga](https://www.instagram.com/listasafnarnesinga) á samfélagsmiðlum.

"List hefur aldrei, ekki einn dag, verið án tækni. Frá manningum sem hjó stein með tólum, til málarsans sem notaði olíu liti til að mála mynd, til tónlistamannsins og hljóðfæra hans, hafa allir notað einhverja tækni. Nú á þessari öld erum við öll að nota einhverskonar tækni sem hæfir þessari öld. List mun ávallt leiða okkur til þess að nota tækni á okkar tíma. Þörfin til að nota tækni til listsköpunar hefur verið til staðar frá því örórfi alda."

Steina Vasulka